

Niðurstöður aðalfundar Regins hf. 2023

Aðalfundur Regins hf. var haldinn klukkan 16:00, þriðjudaginn 7. mars 2023 í fundarsalnum Gullfoss A, Fosshóтели Reykjavík, Þórunnartúni 1, 105 Reykjavík.

1. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2022.

2. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2022:

Aðalfundur samþykkti að ekki yrði greiddur arður á árinu 2023, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður af rekstri ársins 2022 verður fluttur til næsta reikningsárs.

3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu:

Aðalfundur samþykkti framlagða starfskjarastefnu.

4. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum:

Samþykkt var tillaga stjórnar um að veita heimild til að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, eftir atvikum reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik (viðauki), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2016/1052, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

5. Breyting á samþykktum félagsins:

Samþykktur var viðauki við samþykktir félagsins í kjölfar samþykktar 4. dagskrárliðs.

Samþykkt var tillaga um lækkan á hlutafé um 13.605.127 kr. að nafnverði eða sem nemur 13.605.127 hlutum, til ógildingar eigin hluta. Við samþykkt þeirrar tillögu var gerð breyting á 4. gr. samþykktu félagsins.

6. Kosning félagsstjórnar:

Eftirfarandi einstaklingar voru kjörin í aðalstjórn til næsta aðalfundar:

Tómas Kristjánsson.
Bryndís Hrafnkelsdóttir,
Heiðrún Emilía Jónsdóttir,
Guðrún Tinna Ólafsdóttir,
Benedikt Olgeirsson,

7. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að Ernst & Young ehf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, yrði kjörið endurskoðunarfyrtæki félagsins í samræmi við tilmæli endurskoðunarnefndar til stjórnar um kjör ytri endurskoðanda.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 820.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 410.000 kr. á mánuði.

Seta í undirnefndum stjórnar:

Nefndarmaður í starfskjaranefnd: 50.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 110.000 kr. á mánuði.

Formaður endurskoðunarnefndar: 175.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. á mánuði.

Formaður tilnefningarnefndar: 95.000 kr. á mánuði.

9. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.